

Bekkjarnámskrá Íslenska – 5. bekkur
Skólaárið 2025-2026



Kennari: Berglind H. Sigurbergsdóttir/Brynjar E. Friðriksson

Tímafjöldi: 7 kennslustundir á viku

- **Markmið**
- Að nemendur geti:
- lesið 90-160 orð að vori
- stafsett rétt, þekkt hinar ýmsu stafsetningarreglur t.d. einfaldur og tvöfaldur samhljóði
- þekkt nafnorð, sagnorð, lýsingarorð og samsett orð
- gert sér grein fyrir orðum í mismunandi beygingarmyndum
- þekkt hugtökin samheiti og andheiti, þekkt hugtökin sérnafn og samnafn
- áttað sig á mun sérhljóða og samhljóða
- fallbeygingu nafnorða, lært að greina kyn og tölu nafnorða
- þekkt algeng orðtök og málshætti og lært nokkrar vísur og ljóð utanbókar
- skrifað sögu með upphafi, miðju og endi
- skrifað skýrt og greinilega og vanda allan frágang

Námsefni

Flökkuskinna, Orðspor 1 lesbók og verkefnabók, Græna bókin, lesbók og vinnuhefti, Óboðnir gestir, lesbók og vinnuhefti, Svaðilför í berjamó, lesbók og vinnuhefti, Fyrsti Smellur, Skrift 5, Mál til komið, ýmis verkefni frá kennara. Málrækt 2 valin verkefni.

Námsmat

Lesfimiþróf í september, janúar og maí. Orðarún lesskilningsþróf, verkefni út frá hæfniviðmiðum: ljóðaverkefni, frásagnarverkefni, leikræn tjáning, tákmyndir og kort, málfræði og sögugerð.

Hæfniviðmið - námsþættir

Talað mál, hlustun og áhorf

- Getur Flutt mál sitt skýrt og áheyrilega og gert sér grein fyrir undirstöðu-atriðum góðrar framsagnar.
- Getur hlustað og horft af athygli á fjölbreytt efni, beitt þekkingu sinni og reynslu til að skilja það og greint frá aðalatriðum

Lestur og lesskilningur

- Getur lesið texta við hæfi á nákvæman og sjálfvirkan hátt og með tjáningu sem sýnir skilning á tilgangi og merkingu texta.
- Getur lesið sér til ánægju og fróðleiks og gert öðrum grein fyrir þeim áhrifum sem texti hefur á hann.
- Getur beitt lestraraðferðum sem hæfa tilgangi og viðfangsefni hverju sinni.
- Getur beitt fjölbreyttum orðaforða og fyrri þekkingu til að mynda samhengi og skilning í lestri og notað aðferðir til að ráða í merkingu ókunnra orða og orðasambanda.
- Getur skilið, fjallað um og dregið saman efni ólíkra texta.

Bókmenntir

- Getur notað einföld bókmenntahugtök í umræðu og vinnu með innihald og einkenni ljóða frá ólíkum tímum.

Ritun

- Getur miðlað texta í gegnum sjálfvirka og læsilega skrift og fyrirhafnar-lausan innslátt á lykila-borð og gengið frá texta sam-kvæmt fyrirmælum.
- Getur beitt algengum atriðum stafsetningar og greinarmerkjasetningar og notað tiltæk hjálpargögn við hæfi.

Mál og málnotkun

- Getur notað góðan orðaforða í ræðu og riti og nýtt sér fjölbreytt málsnið við orðmyndun, tal og ritun.
- Getur nýtt sér kunnáttu og færni til að fletta upp orðum í orðabókum og öðrum gagnabrunnum um tungumál.

Bekkjarnámskrá Stærðfræði – 5. bekkur
Skólaárið 2025-2026



Kennari: Berglind H. Sigurbergsdóttir/Brynjar E. Friðriksson

Tímafjöldi: 6 kennslustundir á viku

Markmið

Megintilgangur náms í stærðfræði er að nemendur öðlist alhliða hæfni til að nota stærðfræði sem lifandi verkfæri í fjölbreyttum tilgangi og við ólíkar aðstæður. Í stærðfræðinámi þurfa nemendur að þróa með sér hæfni til að setja fram og leysa viðfangsefni, ígrunda ólíkar aðferðir og líkön sem nýtast við lausnir þeirra og leggja mat á niðurstöður.

Námsefni

- Stika 1a, nemendabók og æfingahefti
- Stika 1b, nemendabók og æfingahefti
- Ljósrituð hefti og blöð

Kennsluaðferðir

- Innlögn
- Umræður
- Hópaverkefni
- Sjálfstæð vinna
- Spil

Námsmat

Lotupróf, einstaklingsverkefni, hópverkefni, miðvetrarpróf og lokapróf, verkefni út frá hæfniviðmiðum.

Hæfniviðmið – námsþættir

Vinnulag stærðfræðinnar

- Getur nýtt sér verkfæri og hlutbundin gögn til að rannsaka og finna lausn á stærðfræðilegum viðfangsefnum.
- Getur tjáð sig um stærðfræði, útskýrt hugsun sína fyrir öðrum og spurt spurninga til að leita lausna.
- Getur notað rétt heiti yfir stærðfræðitákn, nýtt þau af nákvæmni við útreikninga notað rétt heiti yfir stærðfræðitákn, nýtt þau af nákvæmni við útreikninga.
- Getur þróað hentugar aðferðir sem byggja á eigin skilningi við reikning með ræðum tölum.

Tölur og reikningur

- Getur raðað ræðum tölum eftir stærð og útskýrt tengsl þeirra við heiltölur.
- Getur nýtt sér námundun við útreikninga með heiltölum og tugabrotum.
- Getur notað tugakerfisrithátt og sýnt skilning á sätiskerfi við ritun tugabrota.
- Getur nýtt sér grunnreikni-aðgerðirnar fjórar og reiknað með ræðum tölum.

Algebra

- Getur kannað og búið til rúmfræðileg mynstur og nýtt sér táknmál algebrunnar til að vinna með þau.

Tölfræði og líkindi

- Getur safnað og unnið úr gögnum, miðlað upplýsingum um þau með fjölbreyttum hætti.
- Getur gert einfaldar tölfræði-kannanir og framkvæmt einfalda tölfræði-útreikninga,

Rúmfræði og mælingar

- Getur hliðrað, speglað eða snúið flatarmyndum, til dæmis við rannsóknir á mynstrum.

- Getur rannsakað og greint tvívíð og þrívíð form, teiknað einfaldar flatar- og þrívíddarmyndir og notað til þess mælikvarða og einslögun.
- Getur áætlað, mælt og reiknað hornastærðir, ummál og flatarmál marghyrninga og gráður í hringgeira.

Bekkjarnámskrá Enska – 5. bekkur
Skólaárið 2025-2026



Kennari: Berglind H. Sigurbergsdóttir/Brynjar E. Friðriksson

Tímafjöldi: 3 kennslustundir á viku

Markmið

“Megintilgangur tungumálanáms er að nemendur öðlist alhliða hæfni til að nota tungumálið sem lifandi verkfæri í fjölbreyttum tilgangi og við ólíkar aðstæður. Námið á að leiða til þess að nemendur öðlist hæfni til að tileinka sér inntak í töluðu og rituðu máli af ólíkum toga og hæfni til að meta og hagnýta sér þá þekkingu sem aflað er. Þeir eiga að fá tækifæri til að tengja inntak námsins eigin reynslu, aðstæðum og áhugamálum. Í tungumálanámi eiga nemendur að öðlast leikni í að beita málinu hnökralítið í frásögnum og samskiptum, þannig að það hæfi tilgangi, aðstæðum og viðtakanda hverju sinni. Námið á að veita nemendum tækifæri til að nota málið á skapandi hátt í ræðu og riti.” (Aðalnámskrá grunnskóla 2013, bls. 124).

Námsefni

Yes we can 5 lesbók og vinnubók

Enskar málfræðiæfingar A

Kennsluaðferðir

Innlögn frá kennara

Hlustun

Umræður

Einstaklingsvinna

Para- og hópvinna

Próf- og verkefni

Spil og leikir

Námsmat

Verkefni út frá hæfniviðmiðum.

Hæfniviðmið – námsþættir

Hlustun

- Getur skilið það mál sem notað er í kennslustofunni og brugðist við með orðum eða athöfnum.
- Getur fylgt meginþræði í einföldum frásögnum um kunnuglegt efni með stuðningi, t.d. af myndum, hlutum eða líkamsmáli og notað sér upplýsingar í eigin verkefni.

Lesskilningur

- Getur skilið megininntak í stuttum einföldum frásögnum dagblaða, tímarita og netmiðla með stuðningi, t.d. af myndum.
- Getur fundið afmarkaðar upplýsingar í einföldum texta og nýtt sér í verkefnavinnu.
- Getur lesið sér til gagns og gamans stuttar, einfaldar bækur og fræðsluefni fyrir börn og unglunga og rætt efni þeirra með stuðningi kennara eða skólasytkina.

Samskipti

- Getur spurt og svarað á einfaldan hátt það sem stendur honum næst.
- Getur skipst á upplýsingum og skoðunum við skólasytkini og kennara um efni tengt náminu.
- Getur tekið þátt í samskiptaleikjum og unnið samtalsæfingar.

Frásögn

- Getur sagt frá eða lýst sjálfum sér, vinum, fjölskyldu, áhugamálum og nánasta umhverfi á einfaldan hátt.
- Getur endursagt og lýst atburðum eða reynslu á einfaldan hátt með stuðningi hluta, mynda, tónlistar o.s.frv.

- Getur flutt atriði, sagt stutta sögu eða lesið upp eigin texta sem hann hefur haft tækifæri til að æfa.

Ritun

- Getur skrifað texta með orðaforða úr efnisflokkum sem fengist er við með stuðningi frá mynd, hlut eða gátlista.
- Getur samið stuttan texta frá eigin brjósti með stuðningi mynda, hluta tónlistar o.s.frv.
- Getur lýst í einföldu máli því sem næst honum er, fjölskyldu, áhugamálum, vinum og umhverfi.
- Getur skrifað einföld skilaboð , smáskilaboð og tölvupóst.

Menningarläsi

- Getur sýnt fram á að hann þekkir nokkuð til ytri umgjörðar menningarsvæðisins, s.s. landfræðilegrar legu, staðháttu og þekktra staða.
- Getur sýnt fram á að hann þekkir til þátta sem einkenna barna og unglingamenningu viðkomandi málsvæðis, s.s. söguhetja barnabóka, leikja, söngva og ævintýra.
- Getur sýnt fram á að hann áttar sig á að mörg algeng orð í erlenda tungumálinu eru lík og skyld öðrum sem hann þekkir.

Námshæfni

- Getur beitt einföldum námsaðferðum til að auðvelda námið, t.d. nýtt sér titil á texta eða myndir sem fylgja til að auðvelda skilning á inntaki.
- Getur tekið þátt í hóp- og tvenndarvinnu, hlustað á og tekið tillit til þess sem aðrir hafa að segja.
- Getur beitt sjálfsmati sem tengist viðfangsefnum námsins með stuðningi kennara eftir því sem þörf krefur.
- Getur nýtt sér hjálpartæki, s.s. einfaldar orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit og leitarvélar.
- Getur tengt ný viðfangsefni eigin reynslu og þekkingu.

Bekkjarnámskrá Náttúrugreinar - 5. bekkur
Skólaárið 2025-2026



Kennari: Berglind H. Sigurbergsdóttir/Brynjar E. Friðriksson

Tímafjöldi: 3 kennslustundir á viku

Markmið

Að nemendur geti unnið í hópum, tekið frumkvæði við öflun upplýsinga þegar tiltekið málefni er skoðað frá ýmsum sjónarhornum og geta greint á milli sjónarhornanna. Miðlað í máli og myndum hugmyndum, geta hlustað og rætt hugmyndir annarra. Einnig að geta aflað sér upplýsinga um náttúruna og notað til þess ólíkar heimildir.

Nemendur geti gert sér grein fyrir samspili náttúrunnar og manns og sýnt náttúrunni alúð.

Nemendur geti sagt frá því hvernig Ísland myndast, tekur breytingum eftir árstíðum og hver áhrif þessarar breytinga eru á lífsskilyrði fólks og að nemendur viti hver áhrif sólarljóss eru.

Nemendur geti greint á milli algengustu orkugjafa á Íslandi og geti sagt frá náttúruhamförum sem búast má við á Íslandi t.d. eldgosum og jarðskjálftum og hvar þessar náttúruhamfarir kunna að verða.

Námsefni

- Náttúrulega 1
- Auðvitað - á ferð og flugi
- Verkefni frá kennara

Kennsluaðferðir

- Hópavinna

- Útikennsla
- Sjálfstæð vinna
- Umræður

Námsmat

Verkefni út frá hæfniviðmiðum.

Hæfniviðmið – námsþættir

Vinnulag náttúruvísinda

- Getur beitt algengustu hugtökum og heitum í náttúruvísindum við athuganir, í umræðu og textaskrifum.
- Getur lesið náttúruvísindatexta sér til gagns og endursagt með eigin orðum.
- Getur framkvæmt, skráð og safnað upplýsingum út frá einföldum athugunum og mælingum úti og inni samkvæmt fyrirmælum.
- Getur kynnt niðurstöður rannsókna, útskýrt hvaða vinnubrögðum var beitt og tekið þátt í umræðum um efnið, kynnt niðurstöður rannsókna, útskýrt hvaða vinnubrögðum var beitt og tekið þátt í umræðum um efnið.
- Getur rætt valin dæmi um samspil tækni, þekkingar og framfara og hvernig hugmyndir manna um heiminn hafa breyst með aukinni þekkingu.

Umhverfið

- Getur lýst samspili lífvera og lífvana þátta.
- Getur lýst mismunandi vistkerfum og nefnt dæmi um áhrif sem nýjar tegundir geta haft á umhverfi sitt.
- Getur lýst helstu sérkennum veðurfars við Ísland.
- Getur áttað sig á mikilvægi þess að nýta náttúruauðlindir án þess að ganga um of á þær.

Lífið

- Getur útskýrt helstu einkenni og lífsskilyrði lífvera og tekið dæmi um tengsl þeirra innbyrðis.
- Getur nefnt dæmi um náttúruval og aðlögun.
- Getur lýst helstu líffærakerfum mannslíkamans og starf- semi þeirra í grófum dráttum.

Efnin

- Getur gert grein fyrir efnabreytingum og hamskiptum og útskýrt með dæmum.

Orkan

- Getur rætt dæmi um framleiðslu og nýtingu á orku í daglegu lífi.
- Getur lýst eiginleikum hljóðs og ljóss og ýmsum fyrirbærum með tilliti til hljóðs og lita.

Alheimurinn

- Getur útskýrt árstíðirnar og dægraskipti út frá stöðu jarðar í sólkerfinu.
- Getur lýst hvernig náttúruöfl hafa áhrif á myndun og mótun lands.
- Getur lýst helstu sérkennum náttúruhamfara sem búast má við á Íslandi og hvernig viðbrögð við þeim eru skipulögð.

Bekkjarnámskrá Samfélagsgreinar – 5. bekkur Skólaárið 2025-2026



Kennari: Berglind H. Sigurbergsdóttir/Brynjar E. Friðriksson

Tímafjöldi: 5 kennslustundir á viku

Markmið

Markmið samfélagsgreina er að stuðla að skilningi nemenda á mörgum þeim hugmyndum og hugsjónum sem liggja til grundvallar viðhorfum okkar til umhverfis, auðlinda, menningar og sögu. Þeim er ætlað að gera nemendum kleift að nálgast samfélagsleg og siðferðileg álitamál með hjálp samræðunnar og láta afstöðu sína mótast af rökum. Kennsla í samfélagsgreinum á að miða að því að nemendur geti leyst hlutverk sitt sem þátttakendur í flóknu samspili mótandi sviða tilverunnar á skapandi hátt. Nemendur skulu fá leiðsögn í lýðræðislegum vinnubrögðum eins og þau geta komið fyrir á öllum þessum sviðum, hvort sem um er að ræða fjölskylduna, vinahópinn, skólann, nær samfélagið eða samfélagið í víðara samhengi." (Aðalnámskrá grunnskóla 2013, bls.196).

Kynbundið og kynferðislegt áreiti og ofbeldi

- Til viðbótar vegna nýrra innleiðingar á kynbundnu og kynferðislegu áreiti og ofbeldi eru lagðar áherslur á forvarnir og fræðsla fer fram í öllum árgöngum og er unnin upp úr skýrslu UNESCO, International technical guidance on sexuality education. Unnið er með áherslur UNESCO á hverju aldursári og farið meira á dýptina eftir því sem nemendur eldast.
- Áherslur 5. bekkjar eru fjölskyldur – ólíkar fjölskyldugerðir, vinir og vinátta, sjálfsmyndin og ég, mörkin okkar, umburðarlyndi og virðing, örugg notkun upplýsinga og kynbundið ofbeldi.

Unicef

- Haustönn vinnum við verkefnið Bekkjarsáttamáli

- Á vorönn vinnum við verkefnið Ég og fjölskyldan mín (tvinnað saman við námsefnið Ég og sjálfsmyndin – 2. kafli).

Námsefni

- Ég og sjálfsmyndin
- Ísland – hér búum við.
- Námsefni um PBS kerfið
- Námsefni á netinu

Kennsluaðferðir

- Innlögn frá kennara
- Sjálfstæð vinna og hópavinna
- Umræðutímar
- Leikir
- Bío mynd

Námsmat

Verkefni út frá hæfniviðmiðum.

Hæfniviðmið – námsþættir

Vinnulag samfélagsgreina

- Getur sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn á völdum stöðum og tímum.
- Getur tekið þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu.

Sjálfsmynd

- Getur lýst sjálfum sér og tekið dæmi um þætti sem hafa áhrif á eigin sjálfsmynd, svo sem úr nærsamfélagi, umhverfi og menningu.
- Getur sýnt virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, sett sér mörk í samskiptum og lýst því hvernig það er hægt.

Siðferði og trú

- Getur dregið fram ólíkan bakgrunn fólks og virt mismunandi trú, lífsgildi, skoðanir og siði.

Borgaravitund

- Getur rætt reglur í samskiptum fólks og tilgang þeirra og tekið þátt í að setja sameiginlegar leikreglur með öðrum.
- Getur rætt stöðu sína sem þátttakandi í samfélaginu, réttindi og skyldur og mikilvægi mannréttinda og jafnréttis í samfélaginu og á heimsvísu og þekki vel til Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.
- Getur sett sig inn í málefni samfélagsins, áttað sig á möguleikum til áhrifa og sýnt það í verki með ábyrgum hætti.

Saga

- Getur gert sér grein fyrir fjölbreytileika fjölskyldna og margvíslegum hlut-verkum innan þeirra á ólíkum tímum.
- Getur greint samhengi umhverfis, sögu, menningar og mannlífs í heimabyggð.
- Getur fjallað um einkenni og þróun íslensks samfélags.
- Getur áttað sig á að sagan hefur mótast af ýmsum þáttum, svo sem umhverfi, atferli, lífsviðhorfum, samfélags-skipulagi og atvinnu-háttum.
- Getur útskýrt með dæmum hvernig sögulegir atburðir hafa áhrif á samfélög og líf fólks í samtímanum.

Jörðin okkar

- Getur notað kort og gröf til að afla sér upplýsinga og vinna úr þeim.
- Getur skýrt hvernig notkun mannsins á auðlindum getur haft margvísleg áhrif á lífsgæði og lífbreytileika.

- Getur skýrt með dæmum áhrif tækni og mannglegra athafna á samfélag, loftslag og umhverfi.
- Getur skýrt með dæmum mikilvægi náttúruverndar og þess að allir leggi sitt af mörkum.

Bekkjarnámskrá Heimilisfræði – 5. bekkur
Skólaárið 2024-2025



Kennari: Björk Sverrisdóttir

Tímafjöldi: 2 kennslustundir á viku í 8-9 skipti

Markmið

Að nemandi lærir einfaldan kökubakstur, lærir að nota kökukefli. Efli eigið öryggi við matreiðslu, öðlist færni í að vinna eftir leiðbeiningum og lærir að útbúa hollan smárétt á einfaldan hátt.

Þekkir í sundur rôtargrænmeti, blaðgrænmeti og gróðurhúsagrænmeti. Skili hugtakið 5 á dag. Hvaða hlutverk vítamín, steinefni og orkuefni hafa. Nöfn allra fæðuflokkanna í fæðufringnum og og hversu mikivægt er að borða fjölbreytta fæðu.

Námsefni

Gott og gagnlegt 1, lesbók, vinnubók og efni frá kennara

Ýmis tæki og áhöld í heimilisfræðistofunni

Opinberar ráðleggingar Embætti landlæknis

Kennsluaðferðir

Sýni, verkleg og bókleg kennsla.

Námsmat

Símat

Hæfniviðmið – námsþættir

Verklag

- Matreitt einfaldar og hollar máltíðir út frá ráðleggingum um mataræði frá embætti landlæknis.

- Unnið sjálfstætt eftir uppskriftum og notað til þess algengustu mæli- og eldhúsáhöld og skilið gildi viðeigandi frágangs.
- Greint frá helstu orsökum slysa við eldhússtörf og hvernig má koma í veg fyrir þau.

Lífshættir

- Tjáð sig um heilbrigða lífshætti eins og næringu, hreyfingu og svefn.
- Skilið og tjáð sig á einfaldan hátt um aðalatriði ráðlegginga um mataræði frá embætti landlæknis
- Öðlist færni í hreinlæti og þrifum tengdu matreiðslu
- Gert sér grein fyrir helstu kostnaðarliðum við heimilishald.

Menning og umhverfi

- Sett viðfangsefni heimilisfræðinnar í einfalt samhengi við jafnrétti og sjálfbærni og áttað sig á uppruna helstu matvæla
- Skilið mismunandi umbúðamerkingar og þekki helstu geymsluaðferðir.
- Tjáð sig um þjóðlegar íslenskar hefðir í matargerð
- Áttað sig á gildi þess að neyta matvæla með sem minnst kolefnisspor.

Bekkjarnámskrá Upplýsinga- og tæknimennt – 5. bekkur
Skólaárið 2025-2026



Kennari: Jovana Dedeic

Tímalföldi: 2 kennslustundir á viku.

Markmið

Að nemendur geti:

- nýtt upplýsingaver sér til gagns og aðstoðar í verkefnavinnu, við nám og sér til ánægju
- sýnt ábyrgð í meðferð upplýsinga og fara eftir reglum um netnotkun
- nýtt sér hugbúnað/forrit við einföld ritunarverkefni
- nýtt sér forritun á ýmsan hátt

Námsefni

Ritvinnsla, glærugerð, fingrafimi.

Kennsluaðferðir

Innlögn frá kennara

Sjálfstæð vinna

Paravinna

Námsmat

Mat á verkefnum í ritvinnslu, glærugerð, forritun og fingrafimi

Hæfniviðmið – námsþættir

Upplýsinga- og miðlalæsi

- Getur nýtt skólasafn til þekk-ingar-öflunar í stýrðu námi og á eigin for-send-um til gagns og ánægju.
- Getur nýtt leitarvél, gervigreind og önnur verkfæri á siðferðilega ábyrgan hátt til upplýsingaöflunar.

Sköpun og miðlun

- Getur nýtt hugbúnað við gerð margvíslegra kynninga.
- Getur nýtt hugbúnað við uppsetningu ritunar-verkefna samkvæmt viðmiðum um upp-setningu og frágang.
- Getur nýtt tæki og hugbúnað við ljósmyndun og stuttmyndagerð.
- Getur nýtt tæki og hugbúnað við einfalda hönnun, myndvinnslu og myndsköpun.
- Getur nýtt tæki og hugbúnað við upptökur og einfalda hljóðvinnslu.
- Getur nýtt hugbúnað við netmiðlun.

Stafræn borgaravitund

- Getur hugað að eigin heilsu og vellíðan við notkun stafrænnar tækni og gert sér grein fyrir mikilvægi jafnvægis í skjátíma.
- Getur gert sér grein fyrir mikil-vægi þess að vernda persónuupplýsingar og friðhelgi einkalífs í stafrænu umhverfi og áttað sig á hverjum sé hagur af því að safna stafrænum upplýsingum.
- Getur rætt og útskýrt að öll netnotkun einstaklinga skilur eftir sig spor í stafrænu umhverfi til langframa.
- Getur gert sér grein fyrir helstu hættum í stafrænu umhverfi og þekkt vel ólíkar leiðir til að tilkynna ólöglegt og vafasamt efni á netinu og að samfélagsmiðlar hafa áhrif á samskipti.
- Getur nefnt helstu netöryggis- og samskiptareglur og tekið ábyrgð á eigin nethegðun og beitt leiðum til að vernda sig og aðra fyrir neteinelti.

Launsaleit

- Getur nýtt stafrænan stuðning í námi.
- Getur flokkað og vistað gögn á öruggan hátt.
- Getur nýtt mismunandi tegundir tölva, snjalltækja og jaðartækja til menntunar.

- fumgerðasmíði
- rafrásir
- forritun
- Uppvinnsla

Æfing - Hugmynd - Hönnun - Framkvæmd

Námsmat

- Þátttaka í tímum
- Nemendur vinna verkefni sem þeir ýmist fá að taka með sér heim og eða vinna á staðnum
- Hæfniviðmið

Hæfniviðmið – námsþættir

Sköpun, hönnun og tækni

- Getur hannað og smíðað verkefni sem nýtir orkugjafa og lýst því hvaða virkniþættir eru að verki í ýmsum hlutum
- Getur nýtt hugbúnað við hönnun tvívíðra og þrívíðra forma
- Getur nýtt sér örtölvur til að stýra einföldum aðgerðum

Menning og umhverfi

- Getur gert grein fyrir hvernig hægt er að endurnýta og flokka efni sem fellur til
- Getur gert við og endurnýtt eldri hluti og lengt þannig líftíma þeirra

Sköpun og miðlun

- Getur nýtt tæki og hugbúnað við ljósmyndun og stuttmyndagerð
- Getur nýtt tæki og hugbúnað við einfalda hönnun, myndvinnslu og myndsköpun
- Getur nýtt tæki og hugbúnað við upptökur og einfalda hljóðvinnslu

Lausnaleit

- Getur nýtt hugbúnað og tæki á fjölbreyttan hátt og til að leysa fjölbreyttar þrautir. Hafa fengið kynningu á grunnhugtökum í forritun

Bekkjarnámskrá Skólaíþróttir – 5. bekkur
Skólaárið 2025-2026



Kennari: Birna Björk Þorkelsdóttir, Sindri Kristinn Ólafsson

Tímafjöldi: 2 kennslustundir á viku

Markmið

Markmið er að halda áfram að örva hreyfiþroska nemenda og efla afkastagetu þeirra. Efla félagsþroska nemenda í formi leikja og samvinnu. Kenna þeim ábyrgð á eigin heilsu með því að tileinka sér markvissa ástundun, íþróttá eða líkams- og heilsurækt.

Námsefni

Öll almenn áhöld íþróttahúsa.

Kennsluaðferðir

Námið fer að miklu leyti fram með þrek og styrktaræfingum, þar sem nemendur læra að efla þol og styrk með einföldum en árangursríkum hætti. Auk þess er lögð áhersla á grunnatriðið í flestum íþróttagreinum sem og stöðvarþjálfun og útihlaup.

Námsmat

Virgni, viðhorf, hæfni og hegðun eru matsþættir sem íþróttakennari metur jafnt og þétt yfir skólaárið. Nemandi fær einkunn sem er síðan reiknuð út úr matsþáttum.

Hæfniviðmið – námsþættir

Líkamsvitund, færni og afkastageta

- Getur gert æfingar sem reyna á loftháð þol í íþróttum.
- Getur gert æfingar með eigin líkamsþyngd sem reyna á styrk og stöðugleika.
- Getur gert æfingar sem reyna á liðleika og hreyfigetu.
- Getur sýnt útfærslu hreyfinga þannig að þær renni vel saman.

- Getur gert einfaldar rytmískar æfingar og fylgt takti.
- Getur tekið þátt í mismunandi hópíþróttagreinum.
- Getur tekið þátt í einstaklingsíþróttum.

Getur nýtt sér stöðluð próf í íþróttum til að meta eigið þrek og hreysti.

Félagslegir þættir

- Getur skilið mikilvægi jákvæðra samskipta.
- Getur skilið mikilvægi stundvísi, aga og sjálfstæðra vinnubragða í tengslum við góðan árangur.
- Getur þekkt helstu leikreglur í leikjum, hóp- og einstaklingsíþróttum.

Getur farið eftir leikreglum og sýnt háttvísi í leik.

Heilsa og heilsuefning

- Getur sett sér langtímamarkmið í íþróttum.
- Getur valið viðeigandi fatnaðar og mikilvægan búnað til útivistar og nýtt hann.
- Getur skipulagt að einhverju leyti útvíst í fjölbreyttu landslagi, tekið þátt, fylgt áætlunum og varast hættur sem fylgt geta.
- Getur sýnt almenna þekkingu á heilsueflandi líferni.
- Getur tekið þátt í alhliða heilsurækt sem er í boði utan skóla.
- Getur tekið þátt og sýnt virkni í leikjum.

Öryggi og hreinlæti

- Getur gert sér grein fyrir mikilvægi helstu öryggis- og umgengnisreglna og brugðist við óhöppum.
- Getur skilið mikilvægi eigin ábyrgðar á hreinlæti og heilbrigði við alla íþróttaiðkun.

Bekkjarnámskrá Sund – 5. bekkur
Skólaárið 2025-2026



Kennari: Birna Björk Þorkelsdóttir og Hjörtur Fjeldsted

Tímafjöldi: 1 kennslustund á viku

Markmið

Læra allar helstu sunnaðferðir og geti notað þær til líkamsræktar og ánægju.

Námsefni

Öll helstu áhöld sundlauga, sundfit, kork, kútar og fleira.

Kennsluhættir

Kennari leggur fyrir verklegar æfingar fyrir nemendur og útskýrir þær munnlega og/eða með sýnikennslu. Nemendur æfa sig í að synda langsund til að efla þol. Æfingar sem gerðar eru á sundstigsprófum eru æfðar yfir veturinn með endurteknum æfingum.

Námsmat

Frammistöðumat: Virkni nemenda í tímum skráð til bókar.

Verklegt próf, nemendur taka sundpróf og ljúka 5. sundstigi.

Hæfniviðmið – námsþættir

- Getur beitt fjölbreyttum sunnaðferðum.
- Getur eflt eigin heilsu í vatni.
- Getur gert æfingar sem reyna á loftfirrt þol í 12 metra sundi.
- Getur sýnt leikni og synt 25 metra bringusund viðstöðulaust.
- Getur sýnt leikni og synt 25 metra baksund viðstöðulaust.
- Getur sýnt leikni og synt 25 metra skriðsund viðstöðulaust.

- Getur sýnt leikni og synt 8 metra kafsund viðstöðulaust.

Bekkjarnámskrá Textílmennt – 5. bekkur
Skólaárið 2025-2026



Kennari: Ásta Guðný Ragnardóttir

Tímafjöldi: 2 kennslustundir á viku í 15-16 skipti

Markmið

Markmið að samhæfa hug og hönd nemenda, temja nemendum rétt vinnubrögð, rétta og örugga notkun áhalda. Áhersla lögð á frjálsglega og skapandi vinnu, ásamt þjálfun fínhyfinga, vandvirkni og sjálfstæði. Nemendur læra að klippa efni, nota títuprjóna, nálar, skæri og sauma í saumavél.

Námsefni

Námsefni og sýnikennsla hjá kennara, skæri, lím, perlur, skraut, títuprjónar, nálar, efni, saumavél, tvinni og fleira.

Kennsluaðferðir

- Verkefni
- Innlögn / sýnikennsla kennara
- Einstaklingsvinna
- Para- og hópavinna

Námsmat

Verkefni nemenda eru lögð til grundvallar við námsmat, ásamt áhuga, sjálfstæði, verklagni, hegðun og vinnusemi nemenda í tímum.

Hæfniviðmið – námsþættir

Verklag

- Getur beitt grunnaðferðum og áhöldum greinarinnar.
- Getur unnið úr fjölbreyttum textílefum.

- Getur unið með einföld snið og uppskriftir.
- Getur þekkt mikilvægi viðeigandi líkams-stöðu og geti beitt líkanum rétt við vinnu sína.

Sköpun, hönnun og útfærsla

- Getur þróað eigin hugmyndir í textílverk.
- Getur notað fjölbreyttar aðferðir að eigin vali við skreytingu textílafurða,
- Getur útskýrt eigið verk og notað til þess hugtök greinarinnar.
- Getur nýtt hugbúnað við hönnun eigin mynsturs eða myndefnis fyrir textílvinnu.

Menning og umhverfi

- Getur skilið helstu tákni og merkingar textílefna.
- Getur nýtt endurunnin efni í textílvinnu.

Bekkjarnámskrá Sjónlistir – 5. bekkur
Skólaárið 2025-26



Kennari: Silvia Villaverde Björgvinsdóttir
Tímafjöldi: 2 kennslustundir á viku (hringekja)

Markmið

Sjónlistir eru í eðli sínu skapandi námsferli þar sem nemendur finna innri rödd, mynda tengingar, og þróa leikni í ólíkum nálgunum, s.s. í teikningu, málun, mótun, grafiðtækni, klippiaðferð og skjámiðlum. Að taka þátt í að skapa, greina og njóta listar stuðlar að því að nemendur þjálfast í að upplifa list ásamt því að þróa með sér samkennd, umburðarlyndi og gagnrýninn skilning á heiminum. Í umræðum um sjónlistir skapast tækifæri til að þjálfra orðaforða myndlistar, samkennd og umburðarlyndi í tengslum við gagnrýna umræðu um upplifun nemenda á völdum listaverkum og eigin verkum. Með því að tengja við eigin reynslu þjálfast nemendur í læsi á eigið umhverfi. Alls staðar í umhverfi okkar er sjónrænt áreiti sem mikilvægt er fyrir nemendur að læra að lesa og greina. Í sjónlistum er unnið með skynjun, greiningu og túlkun sem veitir nemendum forsendur til að tjá það sem þeir horfa á , heyra það sem þeir hlusta á, finna það sem þeir snerta og skapa út frá reynslunni á persónulegan hátt. (Aðalnámskrá grunnskóla).

Námsefni

Teikniblýantar, túss, tréliti, ýmis konar pappír, þekjulitir, akrílmálning, vatnslitir og penslar, steinleir og glerunga og fl... „Myndmennt II „(Námsgagnastofnun), „Íslensk Listasaga“, Listasafn Íslands, (Forlagið), „Listasaga, frá Hellalist til 1900“, Halldór Björn Runólfsson og Ingimar Waage (Menntamálastofnun / Námsgagnastofnun), “Ég Sé með Teikningu”, Björg Eiríksdóttir (MMS) , “Kveikjur fyrir Skapandi Skólafar”, Vigdís Hlíf Sigurðardóttir (MMS). Annað efni tengd sjónlistir frá kennara.

Kennsluaðferðir

Innlögn og dæmi kennara. Nemendur vinna sjálfstætt eða í hópum eftir fyrirmælum kennara.

Námsmat

Námsmat verður í formi símats þar sem ekki er aðeins gefið fyrir þau verkefni er nemandinn vinnur, heldur virkni nemandans í tímum; sjálfstæði, sköpun, vandvirkni og umgengni. Samkvæmt hæfniviðmiðum Aðalnámskrár.

Hæfniviðmið –Aðalnámskrá- námsþættir

Sköpun

- Getur getur notað mismunandi efni, verkfæri, miðla og tækni, á skipulagðan hátt í eigin sköpun,
- Getur nýtt sér grunnþætti myndlistar í eigin sköpun.

Greining og úrvinnsla

- Getur getur tjáð skoðarnir eða tilfinningar í eigin sköpun með tengingu við eigin reynslu.
- Getur fjallað um eigin verk og annarra í samtali við aðra nemendur.

Menning og umhverfi

- Getur gert grein fyrir margvíslegum tilgangi myndlistar og hönnunar.

Bekkjarnámskrá Tónmennt – 5. bekkur
Skólaárið 2025-2026



Kennari: Rasa Vareikiene

Tímafjöldi: 1 tími á viku

Markmið

Tónlistarforrit fyrir Ipad. Getur búið til sín eigin hljóðfæri. Að þekkja laglínu eftir heyrn. Að þekkja andstæðurnar bjart – dimmt í tónlist. Að þekkja nótur og þögn. Að greina einn, tvo eða þrjá tóna. Að búa til mismunandi form. Að heyra hvernig spunnið er í kringum laglínur. Að halda takti og einbeitingu. Að þekkja muninn á púlsi og hrynn. Að þekkja muninn á dúr og moll. Að geta greint í sundur mismunandi söngmáta og raddagerð. Að nota rödd, hljóðfæri og ímyndunarafl á fjölbreyttan hátt. Að þjálfá tóneyra og auka sjálfstraust í söng. Að þekkja hugtökin: forspil, eftirspil, undirspil, erindi og viðlag. Að nota tákn $p < f >$ og áherslumerki við skráningu og flutning tónlistar. Að nemendur öðlist leikni í notkun slagverkshljóðfæra með hlustun, samvinu og spuna. Að þjálfá nemendur í að fylgja fyrirmælum og stjórnanda. Að nemendur öðlist leikni í notkun slagverkshljóðfæra með hlustun, samspili og söng. Að þjálfá púls og hrynn með trommuleik. Að leika á slagverkshljóðfæri og tengja þau hreyfingu í texta. Að þjálfá áslátt, spilatækni og samspil á tré, málm og klukkuspil. Að dansa við tónlist. Efla samvinnu. Að læra um tónlist í Afríku.

Námsefni

Hljóðfæri, hlustunarefni og ýmislegt lagt til af kennara, Ipad, bók „Tónlist og Afríka“.

Kennsluhættir

Innlögn kennara, einstaklingsvinna, para- og hópavinna.

Námsmat

Verkefni og virknimat.

Hæfniviðmið – námsþættir

Söngur og hljóðfæraleikur

- Getur beitt rödd sinni í söng eða rappi, einn eða með öðrum,
- Getur greint og þekkt helstu hljóðfæri.
- Getur leikið einfaldar laglínur og hljóma á ýmis hljóðfæri í samspili.
- Getur leikið hrynn á takthljóðfæri í samspili.

Sköpun og skráning

- Getur spunnið stef og stuttar laglínur í samspili.
- Getur samið og skráð stef eða laglínur og nýtt í eigin tónsmíð.
- Getur samið, einn eða í hópi, lag eða hljóðverk fyrir eitt eða fleiri hljóðfæri.
- Getur notað tónlistarforrit til að semja lag eða hljóðverk.

Hlustun og greining

- Getur notað tónlistarforrit til að taka upp og unnið með þau.
- Getur greint og útskýrt ólíka tónlistarstíla og tengt viðkomandi menningu.